

60. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

61. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT**um hundahald í Borgarnesi.**

1. gr.

Hundahald er bannað í Borgarnesi, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, búsettum á staðnum, undanþágu frá banni við hundahaldi með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Undanþága skal bundin við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings. Óheimilt er að framselja hana.
- b) Ef veitt er undanþága til að halda hund í fjöleignarhúsi, skal skriflegt samþykki þeirra eigenda, sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými fylgja umsókn.
- c) Gjald vegna undanþágu skal greiða árlega til bæjarsjóðs samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem bæjarstjórn setur og umhverfisráðuneytið staðfestir. Gjaldið skal standa straum af ábyrgðartryggingu hundsins og hreinsun hans á auglýstum hreinsunardegi. Jafnframt skal það standa straum af skráningu, merkingu og hundaeftirliti í Borgarnesi. Sérstakt skráningargjald skal greitt við skráningu hundsins og síðan árgjald með gjalddaga 1. mars. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga, fellur undanþágan úr gildi.
- d) Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar. Opinber hreinsunardagur skal auglýstur í október ár hvert.
- e) Eigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna.

Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Skylt er aðila að fjarlægja saur eftir hund sinn á tryggilegan hátt.

- f) Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli, skóla, dagvistarheimili, kirkju og kirkjugarða né húsakynni þar sem framleidd eru eða seld matvæli eða aðrar neyslu- og nauðsynjavörur.
- g) Ekki eru tekin undanþágugjöld né skráningargjöld af einstaklingum sem heilsu sinnar vegna þurfa að halda hund og skal slíkt staðfest með læknisvottorði.

3. gr.

Umsókn um undanþágu til hundahalds skal send skrifstofu Borgarbyggðar, sem veitir undanþágu samanber skilyrði samþykktar þessarar. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegund, lit og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig koma fram nafn og heimilisfang eiganda. Við skráningu fær eigandi hundsins afhent merki til að festa á ól, sem ætíð skal vera um háls hundsins. Á merkið er skráð nafn og númer hundsins og símanúmer eiganda.

Lögreglustjóra í Borgarnesi skal sent afrit af undanþágu.

4. gr.

Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu, þar sem hann skuldbindur sig til að hlíta í einu og öllu fyrirmælum í samþykkt þessari svo og síðari breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

5. gr.

Ef hundeigandi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar fellur undanþágan úr gildi.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss, skal handsama. Kostnaður við töku hunda skal ákveðinn af bæjarstjórn og að fullu greiddur af eiganda. Hættulegum hundum t.d. þeim sem ráðast á menn og skepnur skal lóga þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Hafi hundsins ekki verið vitjað innan 7 daga frá því hann kom í vörslu eftirlitsmanns er heimilt að aflífa hann í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd á kostnað hundeiganda.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd eða aðilar á hennar vegum í samráði við lögreglustjóra hafa eftirlit með hundunum samkvæmt samþykkt þessari.

8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við VI. og VII. kafla laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

9. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 275/1991 um hundahald í Borgarnesi.

Umhverfisráðuneytið, 2. nóvember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.